# Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 1

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

fundur 10/8.05. – frestað.

Skólavörðustíg 17. 4. ágúst 1905.
(dáin 22/8.05). –

Háttvirti fátækrafulltrúi!

Sakir þess að heilsubrestur þrengir að mér meir og meir, þá verð ég, ef guð lofar mér að lifa til næsta hausts, að snúa mér til fátækrastjórnarinnar um framfæri, því þá verða mér öll efni þrotin til að geta haft ofan af fyrir mér sjálf.

Ég læt yður vita þetta nú þegar, svo að getið þegar rannsakað, hvernig ástæður mínar eru og geti fengið vetrarstað.

Virðingarfyllst.
Sigríður Þórólfsdóttir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi 28/9-05.
styrkur veittur.
tilk. Árna 29/9.05.

Hjermeð leyfi jeg mjer að snúa mjer til hinnar heiðruðu fátækranefndar jafnframt og jeg sendi henni hjálagt vottorð frá hjeraðslækni Guðm. Björnssyni og veita mjer hjálp, helst mánaðarlega, því nú er heilsa mín að þrotum komin svo jeg má segja upp atvinnu þeirri er jeg hefi haft hjá Birni ritstj. Jónssyni en hef þungt heimili sem er kona heilsulasin og 5 börn; af þessu leiðir að jeg bið hina heiðruðu nefnd að veita mjer hjálp til að jeg með fjölskyldu minni geti dregið fram lífið.

Hvern árangur þessi umleitun fær vildi nefndinni þóknast að gefa mjer til kynna. —

Reykjavík 26. sept. 1905

Árni Jóhannesson
bókbindari

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni Jóhannessen bókbindari
er svo þungt haldinn af gigtar-
veiki sinni, að hann er alls ófær
til vinnu og líklegast að hann
lítið eða ekkert geti unnið á
komanda vetri.

Rvík 26/9 1903

G. Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 28/9.05.
Till. bæjargjaldkera 29/9.05.

Þar sem tengdamóðir mín Guðrún Ófeigsdóttir er átt-ræð orðinn og eins og annar aumingi treisti ég yður háttvirta bæjarstjórn til að leggja mjer með henni 10 Kr um mánuðin frá þessum tíma, sem yður er kunnugt er ég orðin roskin og heilu tepur til erviðisvinnu og kona min stórum heilsu minni svo ég verð að kaupa þvott og hvað eina af þeim ástæðum. Sömuleiðis óska ég að þjer vilduð gjöra svo vel og hjálpa mjer um 20 Kr. til að eignast fyrir kjöl eða inn mat því ég sjé ekki að ég geti eignast neitt af þess háttar með öðrum móti. treisti ég svo yður til hins bezta í þessu efni

Virðingarfyllst

Reykjavík 21. Sept 1905
Steffán Jónsson Ráðagerði

Cfr. fundur 13/7. 1905 No 3.

Til
bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fékk styrk frá 1/1.–31/5 – 25 Kr. – (№ 31 á [illegible]) – – fundur 29/9.05.

Um leid og jeg undirskrifud þakka audmjúklega stirk þann sem mjer hefur verid veittur af fátækra fje bæarins undanfarid.

Nú dirfist jeg jafnframt til bidja hina heidrudu Fátækranefnd um sömu upphæd – 5 kr fimm krónur um mánadinn framvegis frá þessum tíma, þar ad heilsufar mitt og ástædur eru þær sömu og undanfarid

Reykjavík, Hansbærid Klapparstig
16 september 1905
audmjúklegast.
Ingunn Þorsteinsdóttir

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 14/9.'05. frestað.

fundur 28/9.05:
— : —
styrkur veittur.
— : —

NB: Jón Guðm.son Bauanbe hefur 15+5 kr.-styrk um mánuðinn.

Litlabakka við Brunnstíg

12/9 - 05.

Með því að ég undirritaður hefi nú legið rúmfastur í fulla 10 mánuði og ekki litur út fyrir bráðan bata og jeg þaraf leiðandi hefi eytt því fje er ég átti svo að nú er ég allslaus orðinn í peningalegu tilliti, verð ég af greindum ástæðum að biðja hina heiðruðu fátækra-stjórn nú þegar um hjálp.

Þess skal getið að undanfarandi ár hefi ég hjálpað fóstra mínum Jóni Guðmundssyni – sem ég nú sem og alltaf hef talist til heimilis hjá – eftir megni og það tölvert síðari árin.

virðingarfyllst
Ólafur Guðmundsson

Til
Fátækrastjórnar
Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 14/9 - 05 — fundur 14/9.05.
frestað.

Þareð þurfalingurinn Margrjet Gísladóttir ~~er~~ orðin svo farlama að hún fer ekki úr rúminu þá gét ég ekki haldið hana fyrir sama kaup og jeg hef áður gjört, og held jeg hana ekki fyrir minna kaup en 12. krónur um mánuðinn að öðrum kosti verður fátækranefndin að ráðstafa henni.

Meðlag er 96 kr. um árið. — Virðingarfylst

Guðrún Jónsdóttir

Laugaveg No 27

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/9.05. – Frestit.

fundur 28/9.'05.
veittur styrkur. Þyrfi verstan be... –

Eyrarbakka 14 sept 1905

Háttvirta fátækrastjórn!

Sakir langvarandi heilsuleisis og þó nú sjerstaklegrar heilsubilunar verð eg að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn um hjálp eða styrk með því að sjálf er jeg algerlega efnalaus –

Virðingarfyllst

Margrjet Einarsdóttir
(hjá Rannveigu Torfadóttur). –

Til

fátækrastjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 28/9.05. Synjað

Reykjavík 26. Sept. 1905

Jeg undirritaður leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur, að hún veiti mjer leyfi til að setjast að í bænum sem þurrabúðarmaður.

Með bréfi fátækranefndarinnar dags 23. nóvemb. 1899 hefur mjer verið veitt leyfi til að setjast að í bænum, en síðan hefi jeg aptur flutt burtu og því vil jeg nú hjermeð aptur sækja um þetta leyfi; viðvíkjandi ástæðum mínum er það að segja að þær eru hinar sömu sem þá, og get jeg því vísað til þess er jeg þá skrifaði háttvirtri nefnd.

Virðingarfyllst

Bjarni Gíslason

Klapparstíg 13

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur kaupstaðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10.05.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 6. d. oktober mán. 1905.

Um leið og jeg sendi hinni heiðruðu fátækranefnd með brjefi þessu umsóknarskjöl 29. að tölu um styrk úr alþýðustyrktarsjóði Kaupstaðarins þ. á., leyfi jeg mjer að beiðast tillögu nefndarinnar um úthlutun styrksins, sem er að upphæð 330 kr.

1. Til leiðbeiningar læt jeg fylgja skrá yfir styrkþiggendur úr sjóðnum síðastl. ár.

Halldór Daníelsson.

Til fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla

yfir þá menn, er styrk fengu úr „styrktarsjóði handa alþýðufólki" í Reykjavíkurkaupstað, samkvæmt lögum 11. júlí 1890; árið 1904.

| Tala | Nöfn | Heimili | Styrkur Kr. | (innifal)inn au. |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Elín Björnsdóttir | — | 10 | " |
| 2. | — " — Magnúsdóttir | Suðurgötu 13. | 10 | " |
| 3. | Guðmundur Jónsson | Laugaveg 20 | 10 | " |
| 4. | Guðmundur Einarsson | Hverfisgötu 44 | 15 | " |
| 5. | Guðríður Guðmundsdóttir | Laugaveg 27. | 10 | " |
| 6. | Guðrún Gísladóttir | Bergstaðastræti 33 | 10 | " |
| 7. | Guðrún Jónsdóttir | Bræðraborgarst. 13 | 10 | " |
| 8. | Halldóra Olafsdóttir | Miðdal | 10 | " |
| 9. | Helga Nikulásdóttir | — | 10 | " |
| 10. | Herdís Magnúsdóttir | Vesturgötu 55 | 10 | " |
| 11. | Ingibjörg Eyjólfsdóttir | Doktorshúsi | 10 | " |
| 12. | — " — Eyjólfsdóttir | Nýlendugötu | 10 | " |
| 13. | — " — Petersen × | — | 15 | " |
| 14. | Jóhann Jónsson | Vindheimi | 10 | " |
| 15. | Jóhanna Jónsdóttir | Spítalastíg 4. | 10 | " |
| 16. | Kristín Guðmundsdóttir × | Hólakoti | 10 | " |
| 17. | Kristjana R. Kristjánsdóttir | Bergstaðastræti 12. | 10 | " |
| 18. | Margrjet Erlendsdóttir | Vesturgötu 20. | 10 | " |
| 19. | María Lárusdóttir | Tjarnargötu 6. | 10 | " |
| 20. | Ólöf Halldórsdóttir | Vegamótum | 15 | " |
| 21. | Ragnheiður Þorleifsdóttir | Vegamótum | 10 | " |
| 22. | Ragnhildur Þorláksdóttir | Bakka | 15 | " |
| 23. | Rannveig Jónsdóttir | Gíslaholti | 10 | " |
| 24. | — " — Þórðardóttir × | Laufásveg 51. | 10 | " |
| 25. | Rósa Guðmundsdóttir | Vegamótum | 10. | " |
| 26. | Salgerður Magnúsdóttir | Bakka | 10 | " |
| 27. | Sigríður Guðmundsdóttir | Laugaveg 24 | 10 | " |
| 28. | Sigurlaug Guðmundsdóttir | Hverfisg. 27. | 10 | " |
| 29. | Þorbjörg Haugadóttir | Amtmannsstíg 5. | 10. | " |
| 30. | Þórunn Pálsdóttir | Bergstöðum | 10. | " |
| | | Samtals Kr. | 320 | 00. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/10.05. – Synjað. – 27/10.05. Till. Sýfísi

Í seinni hluta síðastliðins septembermánaðar skrifaði jeg hinni háttvirtu fátækrastjórn og bað hana að veita mjer tómthúsmannsleyfi í Reykjavík. Ljet jeg þess getið að jeg væri 44 og kona mín 44 ára og að við ættum 4 börn, sem væru 13, 11½, 9. og 5 ára að aldri. Brjefinu ljet jeg fylgja virðingargjörð yfir eigur mínar, sem nema að minnsta kosti alls 500 kr. því auk þess sem á virðingargjörðinni stóð sem nam 331 kr, átti jeg þá ýmsa muni í Hafnarfirði og svo ca 80 kr inni í verzlun kaupmanns G. Zoëga og ennfremur 80 kr í peningum sem var kaupavinnulaun fyrir konu mína og elzta barn okkar í sumar. —

Jeg hefi enn ekki fengið skriflegt svar upp á þetta brjef mitt og því leyfi jeg mjer endurnýja þessa beiðni mína og biðja fátækrastjórnina að veita mjer tómthúsmannsleyfi frá þessum tíma framvegis

Vottorð um hegðun mína og dugnað og reglusemi frá kaupmanni G. Zoëga og fyrverandi lögregluþjóni Þorst. Gunnarssyni ljet jeg fylgja mínu fyrra brjefi. —

Jeg leyfi mjer að óska þess og vænta að hin háttvirta fátækrastjórn nú við nákvæmari íhugun

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

veiti mjer hið umbeðna tómthúsmannsleyfi.

Frakkastíg 13 í Reykjavík 25 okt 1905.

Virðingarfyllst.

Sigfús Jónsson.

Jeg undirskrifaður gef hr. Sigfúsi Jónssyni, sem með mjer hefur ~~[illegible]~~ háseti, þann vitnisburð, að hann sje vandaður og skikkanlegur maður og vakti störf sín vel og mjer kunnur að góðu.

Reykjavík 25. okt 1905.

Jóhannes Guðmundsson
skipstjóri

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...ff.

...fási
...~~[illegible]~~
...i sjá
...ur
...sja

...kt 1905.
...ann
...tjárni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 12/10. 05.

14/10. Skr. bæjarfógeta og sjóðsins undanfarið.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 3. d. Októker mán. 1905.

Um leið og jeg sendi hinni heiðruðu fátækranefnd brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 25. f. m. ásamt erindi frá hreppsnefnd Grímsneshrepps og reikningi yfir útfarar og legukostnað Guðmundar Halldórssonar; vil jeg beiðast umsagnar nefndarinnar um reikninginn. –

Þess skal getið, að enginn vafi leikur á því, að nefndur Guðmundur Halldórsson hafi verið hjer sveitlægur. –

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fund 12/10. '05:

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 6. d. október mán. 1905.

Erindi fátækranefndarinnar í heiðruðu brjefi, dags. 2. þ. m. um aðgjörð á húseign fátækrasjóðsins, Sólheimum við Brekkugötu, var borið undir bæjarstjórnina á fundi hennar í gær, og var samþykkt að veita nefndinni heimild til að verja allt að 600 krónum úr bæjarsjóði til nauðsynlegrar aðgerðar á Sólheimahúsi.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hinni heidruðu nefnd og endursenda
/. um leið kostnaðaráætlun þórðar
fátækrafulltrúa Narfasonar um
aðgerðina. —

Halldór Daníelsson

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nda

r

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1

# Áætlun

yfir viðgerð á húsinu á Sólheimum í Reykjavík.

Húsið er að stærð 10 x 8 al. grjótveggir hliðar en trje og járn gaflar. Kjallaralaust með brotnu þaki hefir upphaflega verið mjög illa gjört.

Til þess að það geti heitið íbúðarfært þarf að taka úr því gólfið sem er fúið og nothæfið rífa úr því mestan hluta suðurgaflsins og nokkuð norðurgaflinn líka undir að taka nægnið af þiljunum innan úr því. rífa niður reykpípuna alveg hún er oflítil og ónýt [illegible]

Bæjarfógetinn í Rvík.
Dagbók 19.05 No. 958

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kasta sementi í Ellidaveggina ad utan og eptir sjá þakið það hvad leka í 1–2 stöðum gluggar allir eru óþjettir og ljelegir loks er ekkert Eldfæri sem kveikt verdar uppi í húsinu.

þetta allt get eg ekki hugsad ad verdi feingid í lag fyrir minna en um 600 kr. (sexhundrad krónur)

Reykjavík 30 sept. 1905

Þórður Narfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Sólheimahús

keypt á uppboði í des 1903 fyrir 1770 kr.

1. Veðskuldir sem bæjargjaldkeri tók að sjer:
   til Landsbankans Kr. 670.00
   " Jóns Þórðarsonar " 298.71
2. Styrkur til Vilborgar Rögnv. d.
   1903 — Kr. 50.00
   1904 — " 199.52
   1905 — " 107.95 " 357.47
3. Húsaleiga 1904 Kr. 120.00
   1905 " 120.00 " 240.00 1566.18

Eptir Kr. 203.82
Vextir c. " 40.00
Kr. 243.82

Vilborg á Sólheimum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 12/10. 05.

**Hjeraðslæknirinn í Reykjavíkur hjeraði.**

Reykjavík 3dja dag Október mán. 1905

Jeg hefi í gær rannsakað heilsufar og ástand þeirra tveggja sjúklinga, sem hin heiðraða fátækranefnd bað mig um að vitja. (Bréf dags. 29/9 1905)

Álit mitt er þetta:

Verzlunarmaður Ólafur Guðmundsson í Bakkabæ við Bakkastíg, hefur um langan tíma þjáðst af veiki í lungunum og verið að mestu leyti rúmfastur síðastliðið ár. Veiki þessi (Bronchitis et Bronchiectasia), hefur skemmt bæði lungun (einkum hægra lungað) og er því mjög tvísýnt um að hann nokkurn tíma nái nokkurri heilsu og kröptum.

Í hrákunum hans er eigi unnt að finna tæringarbakteríur og þess utan bendir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

margt annað á að hér sé ekki um neina
tæring (Tuberculosis) að ræða.
Jeg álít því veiki hans ósaknæma þeim sem
saman við hann búa.
Hjúkrun sú sem hann fær á heimilinu er
að vísu í mörgu ábótavant, en þar sem hún
þó virðist fullnægja kröfum sjúklingsins og
hann ekki æskir annarar betri, get jeg
ekki hvatt til að leggja hann á spítala
einsog nú stendur.

Árni bókbindari Jóhannsson þjáist af
berklaveiki í lungum. Hann er ófær til allrar
vinnu og þarfnast góðrar hjúkrunar og rúmlegu
um hríð, því með því eina móti er dálítil von
um að honum geti nokkuð batnað.
Á heimili hans eru ung börn sem mjög er
hætt við sýkingu ef hann er látinn hafast
við heima hjá þeim. Eitt af börnum hans
(dóttir 3-4 ára) þjáist nú þegar af berklum
í mjaðmarlið og liggur á St. Josefs spítala.
Vil jeg því alvarlega ráða til þess að hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fái vist á spítala sem allra fyrst.

Steingrímur Matthíasson
settur héraðslæknir.

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

g. 12/10. '05.

Reykjavík 7. d. oktober mán. 1905.

Eptir að jeg hafði meðtekið brjef hinnar heiðruðu fátækranefndar dags. 15. f. m. um meðlagsstyrk frá Þorkeli Bergsveinssyni ekkjumanni, með móður hans, ómaganum Guðrúnu Bjarnadóttur, samkvæmt skuldbindingarskjali Þorkels dags. 9. des. f. á., krafði jeg hann um árstyrk 40 kr. til framfæris móður hans, og hefur hann nú greitt 20 krónur, en kveðst sjer ókleyft að svo stöddu að leggja fram meira tillag.

Þetta leyfi jeg mjer að tjá hinni heiðruðu nefnd, og vænti jeg ekki að frekari árangur verði að sinni af kröfum mínum á hendur Þorkeli Bergsveinssyni.

Halldór Daníelsson

Til

fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10.05.

Suður Klöpp við Reykjavík

f. 14/9.05. pastel. kr. 07. 15 sept 1905

frestað

Heiðraða fátækrastjórn

Reykjavíkur Bæjar — —

Hér með bið eg yður um að taka í burt frá mér um næst komandi mánaðar mót unglingspiltinn Jón Sigurðarson sem hjá mér hefur dvalið núna um tíma, undir mínum kringum stæðum get eg ekki haf hann leingur

virðingar fyllst

Jósep Jónsson

til fátækrastjórnarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10. 05. –
– " –

14/10. Sn. bæjargjaldkera
Lárusi Ben. –

Jég undirskrifaður leiti að leita hjálpar til hinnar háttvyrtu Fátækra nefndar Reykjavíkur bæar viðkomandi ágeingni þeirri er sera Lárus Benidiktsson fyrverandi prestur í Selárdal við Arnarfjörð nú uppgjafa prestur búandi hjer í Reykjavík hefur sínt mjer með þeirri hvatni sinni að hann hefur nú yfirstandandi Sumar Mánaðarlega geingið til Gjaldkera Reykjavíkur bæar síðan 14 eða nær liðinn og tekið peninga þá er mjer voru útklutaðir eða veittir af Fátækra fé til að borga með Húsa leigu fyrir mig og fjölskyldu mína Enn jég vanaðist slíkt ekki þar jég hafði með tveggja mánaða fyrirvara afsalað mjer Húsi því en jég leigði hjá honum næstliðinn vetur

og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ad. Stofu þeirri er jeg Leigdi ~~at~~ til
14 Mai næstlidinn því þá fór jeg
úr henni
Enn eptir það jeg fór þaðann spurdi
jeg ekki eptir Húsaleigu peningunum
nú því Hús eigandi sá sem jeg nú
leigi hjá var í fjærlægð í Sumar
enn nú þegar hann kemur heim í
síðast lidnum Mánudi heimtar hann
sína peninga og vísad jeg honum
þá til Gjaldkerans enn þá sagdi
hann ad þin nefndin sem Lárus hefdi
Mánadarlega tekid þá í Sumar
Enn jeg hjelt ad þeir mundi þar
best geimdir og hafdi svo þá hugsun
ad þar gæti eigandi tekid þá
med því líka ad sá heidrad Gjaldkeri
Reykjavíkur bæar hafdi einhvurn
tíma sagt mjer það ad mig vardadi
ekkert um þá peninga þeir tækju
þá sem Húsid ætti sjálfir

Nú bid jeg hina hátt virtu Fátækra
nefnd Reykjavíkur bæar ad hjálpa
mjer og leidrétta þessar adgjördir
sem Lárus Beni diktronar
Og svo jafnframt hjálpa mjer ad
jeg geti haft Hús það sem jeg nú
bí í þinin vernstad þinin mig og
mína fjölskyldu næstkomandi vetur
Virdingarfyllst
Hverfis götu 16 3 október 1905
Árni Árnason

Til
Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10. 05.
Spyrjað um leyfið.
14/10. 05. Tilkynnt beiðanda.

Hér með leyfi eg mér að biðja hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkurbæjar, um, að veita mér tómthúsmennskuleyfi hér í bænum frá 1. okt. þ. á. Jeg er 66 ára gamall og kona mín 53 ára gömul.

Efni mín eru sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 12 ær á 7/00 | Kr. 84,00 |
| 6 veturg. kindur á 8/00 | Kr. 48,00 |
| 14 lömb á 6/00 | Kr. 84,00 |
| 38 hestar hey á 3/00 | Kr. 114,00 |
| Mó og bæjarhús pr. 80/00 | – 80,00 |
| | Kr 410.00 |

Reykjavík, 29. sept. 1905.

Virðingarfyllst
Páll Hafliðason
frá Skrauthólum

Til fátækranefndar Reykjavíkurbæjar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 12/10 – 05 –
Synjað. –

Jeg undirskrifaður Stefán Runólfsson frá Kópavogi, beiðist mjer hjermeð virðingarfyllst að sækja til hinnar háttvirtu fátækranefndar Reykjavíkur um bjargleysi handa mjer og 3 börnum mínum. Jeg er 37 ára gamall, við góða heilsu og hef reglu atvinnu. Hið elsta af börnum mínum er 6 ára, hið næst elsta 4 ára og hið yngsta á 1. ári.

Viðvíkjandi efnahag mínum, fylgir hjer 1. með vottorð eða virðingargjörð frá Ingjaldi hreppstjóra Sigurðssyni og Guðmundi Ólafssyni er jeg beiðist mjer að skírskota til.

Reykjavík 11 oktober 1905
Virðingarfyllst

Stefán Runólfsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir beiðni Stefáns Runólfssonar á Kópavogi höfum við undirskrifaðir virt til peningaverðs neðannefndan fjenað hans og lausafjármuni

| | | | Kr | ar |
|---|---|---|---|---|
| 1 | 10 | ær með lömbum 15/00 | 150 | " |
| 2 | 5 | Sauðkindur 1. vetra 8/00 | 40 | " |
| 3 | 2 | Trippi 1 vetra | 30 | " |
| 4 | 2 | Hryssur | 90 | " |
| 5 | 2 | undirsængur | 20 | " |
| 6 | 3 | yfirsængur | 20 | " |
| 7 | 5 | Kodda | 10 | " |
| 8 | 2 | Ullarteppi stoppuð | 10 | " |
| 9 | 2 | Rekkvoðir 4 lök | 17 | " |
| 10 | 1 | Kommóða | 10 | " |
| 11 | 10 | Pör reipi | 10 | " |
| 12 | 2 | Rúmstæði | 14 | " |
| 13 | 1 | Saumamaskína með kassa | 26 | " |
| 14 | 1 | Hnakk 1. Söðul 2 beisli | 27. | " |
| | | samtals | 474 | 00 |

Lambastöðum og Nýjabæ 10 júní 1905

Ingjaldur Sigurðsson  Guðmundur Ólafsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjøbenhavns Magistrats
3die Afdeling.

Den 19' September 1905.

Postdistrikt B.

Fundur 12/10. 05.

Ráðin: senda bæjargjaldkera ávísun 14/10. '05.

Skriveler og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med
A. 25.187/05.

For Sømand Haflide Magnus Jonssons Underhold i Arbejdsanstalten paa Ladegaarden fra 6' Juni til 7'September d. A., da han hjemsendtes, for Hjemsendelsen, samt for indkøbte og indløste Beklædningsgenstande,

fremsendes hoslagte Regning til Beløb 134 Kr. 40 Øre med tjenstligst Anmodning om, at Beløbet maa blive indbetalt til Magistratens 3die Afdeling i Henhold til den ærede Kommissions Skrivelse af 28' Juli d. A.

H. Jacobs.

Alexander Hansen
Fm

Til

Fattigkommissionen.

Reykjavik.

(E)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjøbenhavns Magistrats

3die Afdeling.

Den 21 August 1905.

Postdistrikt B.

Skrivelser og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med A. 25-187/05.

I Henhold til Magistratens Skrivelse af 13' Juni d.t. og den 9/8 Kom ./. missions Svarskrivelse af 28' f.M.

afleveres herved Sømand

Haflide Magnus Jonsson

til fremtidig Forsorg paa Hjemstedet, og forbeholder man sig nærmere at lade Regning følge.

P. Knudsen
cst.

Nicolaisen
Exp.

Til

Fattigkommissionen
i Reykjavik.

(e)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framdr 27/7.'05.
Svarað 28/7.05.
"vidurkent".

Kjøbenhavns Magistrats

3die Afdeling.

Skrivelser og Postanvisninger m. m. denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med

A. 23787/05.

Den 13' Juni 1905

K.

Den 6'do. afleverede Politiet Sömand Haflide Magnus Jonsson, födt d. 31' Marts 1869 i Reykjávik,

til det herværende Fattigvæsen, og da han befandtes trængende, blev han indlagt i Arbejdsanstalten paa Ladegaarden.

Da han efter vedlagte Afhøring maa anses hjemmehörende i Reykjávik Kommune,

skulde Magistraten tjenstligst forespørge, om den ærede Kommission erkjender hans Forsørgelsesret, hvorefter man forbeholder sig nærmere at fremsende Regning over de med hans Underhold forbundne Omkostninger samt at hjemsende ham, saafremt han ikke inden en passende Frist skaffer sig Erhverv.

H. Jacobi.

A. Kaser
Exp.

Til

Fattigkommissionen
i Reykjavík.

(e)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Afhøring №**  **Afdl. Sag №** Stp.J.201/05.

**Fabrik №** 979.

udenbys.

# Afhøring

over

## en Person, indlagt i Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt.

---

| | |
|---|---|
| 1. Fulde Navn og Stilling. | 1. Haflide Magnus Jonsson, Sømand. |
| 2. Fødedatum. | 2. 31'Marts 1869. |
| 3. Fødested, virkelige eller antagne, eventuelt om det sidste er noteret. Hvis Paagjældende er født i Udlandet, om han har erhvervet Indfødsret. | 3. Reykjavik, døbt sammesteds. |
| 4. Om Trosbekjendelse. | 4. Lutheraner. |
| 5. Arbejdsførlighed og Helbredstilstand. | 5. God. |
| 6. Om Paagjældende er ugift, gift, Enkemand, Enke, separeret eller fraskilt Mand eller Kone, samt, hvis Forsørgelsesretten afhænger af en Anden, tillige dennes fulde Navn og Stilling. | 6. Ugift. |
| 7. Om Vedkommende har Familie, og af hvem denne bestaar (naar og hvor ægteviet, Børnenes Fødested, Bidragspligt m. m.) | 7. Med Enke Anna Mikkelsen af Faskrudsfjord paa Island har han en Datter: Birna Ingebjørg, født 2/10 1900 Faskrudsfjord. Han er tilpligtet at betale 60 Kr.om Aaret, men han har aldrig udredet noget, da hans Moder, der bor i Bakkegaden i Reykjavik, har taget Barnet i Huset. |

S. P. 1905 Nr. 1658.

(k)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Om Vedkommende selv tidligere har nydt nogensomhelst Understøttelse af Fattigvæsenet, og da naar sidst, hvor og til hvilken Tid; herunder ogsaa, om der er ydet den Paagjældende Fattighjælp til saadanne Personer (Hustru, ægte og uægte Børn, Adoptiv- eller Stedbørn), overfor hvilke der paahviler ham Forsørgelsespligt.

8. Nej.

9. Om Vedkommende har Pension, Legater eller anden lignende Indtægtskilde, fast Ejendom, noget indestaaende i Sparekasse, Værdipapirer, udestaaende Fordringer eller Arv i Vente m. m.

9. Nej.

10. Om Vedkommende ejer Klæder eller andre Effekter, og hvor disse ere.

10. Gangklæder her.

11. Om og naar Vedkommende har været i Militærtjeneste.

11. Nej.

12. Om Vedkommende er straffet og da naar, hvor og hvormed.

12.

Stavanger 1/12 1904: 6 Maaneders Straffearbejde for Falsk og Underslæb.

13. Naar Vedkommende sidst er ankommen hertil Staden.

13. 4'Juni 1905 fra Kristiania.

14. Indlæggelsesmaaden og Aarsagen til Trangen.

14. Afleveret af Politiet til Magistraten som udvist og hjemsendt fra Norge og som erhvervsløs.

15. Indlæggelsesdagen.

15. 6'Juni 1905.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Om Forsørgelsesretten. 16. Han forklarer at være Søn af Fisker Jon Odds-son og Hustru Oløf, født Haflidadottir. Faderen, der var født i en Plads tæt ved Reykjavik-Kjos-er død. Moderen bor i Bakkegaden i Reykjavik. Forældrene ere viede i 1867 eller 1868 i Reykjavik.

Til sit 20'Aar -1889- opholds han sig i Reykjavik hos Forældrene. Derefter kom han ud at sejle og har vedblevet dermed, væsenligst paa Fiskeri under Island - saaledes fra 1896 - 1899 paa Faskrudsfjorden og fra c.1900 - 1902 paa Seydisfjorden - indtil han i September 1904 fra Vopnafjorden tog til Stavanger. Der blev han i November Maaned anholdt og straffet, og efter at han havde udsonet Straf udvist af Landet. ——

naer-

om

–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Yderligere Bemærkninger. 17.

Antages i Henhold til Foranstaaende forsørgelsesberettiget i

R E Y K J A V I K .

~~Vedlagte Legitimationspapirer.~~

Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt d. 6' Juni 1905.

Ovenstaaende Forklaring har jeg afgivet efter bedste Vidende.

Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt d. 6' Juni 1905.

Hafliði M. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Fátækranefndar
Reykjavíkurkaupstaðar

Fundur 26/10.05. frestað. – 27/10.05. Skr. Guðm. Magn.

Reykjavík 25. október 1905

Höskuldur Guðmundsson nú bóndi
á Brandakoti á Álptanesi hefur
beðið mig að skrifa umsókn
til hinnar háttvirtu fátækranefndar
hjer í bænum, hvort hún vilji
veita sjer leyfi til að flytja
hingað til bæjarins nú í haust
ásamt konu sinni Elísabet
Jónasdóttir sem nú er á 19 aldursári
og mjög heilsugóð. Þessi hjón hafa
ekki annað en sig fyrir að biðja
því þau eiga ekkert barn og þeim
fylgir ekkert venzlafólk. um
eign hans get jeg það borið að
hann á nú 6 kýr, og 100 hesta af
heyi fyrir utan það sem er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppskrifað á skýrslu þeirri er fylgir brjefi þessu og er að upphæð 765 krónur. Jeg ætlast þetta ekki frekar en óska þess að þetta verði tekið fyrir á næsta fundi sem haldinn verður hjer eptir, og svarið viðkomandi brjefi þessu sent mjer.

Virðingarfyllst
Guðmundur Magnússon
Lindargötu 5

Einnig vil jeg geta þess að þessi bóndi er sekur um lygpið er á 24 aldursári og mjög heilsugóður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir beiðni hr. Höskuldar Guðmundssonar í Landakoti, vorum við undirritaðir staddir að Landakoti í Bessastaðahreppi 19. októb. til að virða til peningaverðs lausafjármuni ofanritaðs, og fór virðingin fram er hér greinir

| Hlutir | Kr. | aur. |
|---|---|---|
| 1. Skjóttur reiðhestur 7. vetra. | 125, | 00 |
| 2. Grár hestur [illegible] 8. vetra | 65, | 00 |
| 3. Rauður hestur ótaminn 4. vetra | 60, | 00 |
| 4. Rauðhryssa tamin 7. vetra | 50, | 00 |
| 5. Brúnhryssa 3. vetra | 40, | 00 |
| 6. Nýr hnakkur og tré reiðbeisli | 35, | 00 |
| 7. Ný kommóða — — — | 22, | 00 |
| 8. Tvær kistur og þrjú koffort | 10, | 00 |
| 9. Kaffi maskína þríkveikjuð ný | 5, | 00 |
| 10. Tveir stólar þvottabali og [illegible] | 7, | 00 |
| 11. Tólf diskar átta bollapör — — . | 2, | 00 |
| 12. átta hnífapör — — — — | 2, | 50 |
| 13. Tveir olíulampar (annar borðl.) | 4, | 00 |
| | 427 | 50 |

[illegible signature]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | Kr. | aur. |
|---|---|---|---|
| | Flyt Kr. | 427, | 50 |
| | **Hlutir** | | |
| 14. | Járnsmíðatól — — — | 10, | 00 |
| 15. | Tveir gólfkistar borð og tvær [illegible] | 5, | 00 |
| 16. | Kartöfluspaði nýr með skapti | 3, | 00 |
| 17. | 2 Matarpottar tveir kaffikatlar | 15, | 00 |
| 18. | Þrjár undirsængur — — — | 60, | 00 |
| 19. | Fimm koddar — — — | 15, | 00 |
| 20. | Þrjár yfirsængur — — — | 28, | 00 |
| 21. | Þrjú teppi & átta lök — — | 15, | 00 |
| 22. | Fimm tunnur kartöflum | 35, | 00 |
| 23. | Ein tunna rófur — — | 4, | 00 |
| 24. | áttatíu ꝏ saltkjöt — — | 16, | 00 |
| 25. | Tuttugu og fimm ꝏ íslenskt sm. | 18, | 50 |
| 26. | Tuttugu ꝏ kaffibaunir — — — | 10, | 00 |
| 27. | Tíu ꝏ export — — — | 4, | 00 |
| 28. | Níu kindur veturgamlar | 90, | 00 |
| 29. | Tvö lömb — — — | 8, | 00 |
| | Samtals Kr. | 765, | 00 |

Þessa framanritaða muni höfum við virt eptir okkar beztu vitund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aur.
50
00
00
00
00
00
00
00
00
00
00
00
50
00
00
00
00
.00

og berum enga frekari ábyrgð á því

Breiðabólstöðum og Eyvindarstöðum
17 oktob. 05

Erlendur Björnsson
Andrés Þorleifsson
(handsalað)

Hérmeð vottum við undirritaðir eptir beiðni hr. Höskuldar Guðmundssonar í Landakoti að hann hefur komið fram hér í Bessastaðahr. (þann tíma sem hann hefur hér dvalið) ráðvandlega og skikkanlega, og laus við drykkiri sem okkur er kunnugt um.

Breiðabólstöðum og Eyvindarstöðum
17. oktob. 1905

Erlendur Björnsson
Andrés Þorleifsson
(handsalað)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 9/11 - 05.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 1. d. nóvember mán. 1905.

Helgi Hinriksson, sem hin heiðraða fátækranefnd hefur skrifað mjer um í brjefinu, dags. 30. maí þ.á. og í gær er sveitlægur hjer í bænum. Hann fluttist hingað árið 1889, og hefur átt hjer heima síðan. Sveitarstyrk þáði hann hjer í októbermánuði 1902, 7 kr, útfararkostnað barns hans, en ekki annan styrk. Hinsvegar hefur Guðrún Jónsdóttir sem hann hefur búið og býr með, og er sveitlæg í Kjalarneshreppi, þegið hjer sveitarstyrk í janúarmánuði 1900, en hún var þá talin húskona og Helgi vinnumaður eða ráðsmaður hjá henni.

Halldór Daníelsson.

Til

formanns fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

adgjört lonið. f. 14/9.05.

eg undirritaður Leifi mjer hjer
með að biðja hina heiðruðu
fátæknanefnd svo vel gjöra
og sjá til að gjört verði
við bæinn No 22 Nýlendugötu
gluggiun er þarf að takast úr
því hann [illegible] skelfur ekki
viðum fyrir fúa og veiki
hæfurinn að hokkast
virðingarfylst
Reykavík
Nýlendugötu N 22 13/9 1905

Þorkell Sigurðsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

f. 9/11. 05. – vísað til bæjarstjórnar(?) 10/11. 05. –

Reykjavík 9. Nov. 1905

f. 23/11. 05. –

24/11. 05. Skr. bæjargjaldkera. –

Heiðraða fátækrastjórn

Reykjavíkur bæjar

Eins og yður er kunnugt hefi ég tekið piltinn Jón Sigurðsson(?) sem vegna heilsubrest liggur(?) í Kára-(?)ína og sem er orðinn algjörlega máttlaus upp að mitti, öðru megin og svo mjög máttfarinn hinu megin, þar afleiðandi kemur það ~~mjög~~ mjög oft fyrir að hann ekki ver núinn(?) — tvisvar á dag verður að taka hann upp og búa um hann og hjálpa honum sem öðrum máttlausum aumingja – Er nú því innsamleg tilmæli mín til yðar að ~~þér~~ þér gjörið svo vel að borga mér 16 Kr um [illegible]inga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vonandi að Lífdagar þessa aum-
ingja verði ekki margir héreftir

Virðingarfyllst

Runólfur Eiríksson
(Járnsmiður)

Drengurinn Jón Sigurðsson þjáist
af berklaveiki í hryggnum.
Af beinskemd í hryggjarliðunum
hefur komið þrýstingur á mænuna
en af því stafar máttleysi
í líkamanum hægra megin
og slappleiki í baki og kviðar.
Sjúkdómurinn lítur út fyrir
að vera ~~mjög~~ langvinnur,
en þó er töluverð von um að
geti batnað ef sjúklingurinn
er vel hirtur.

Reykjavík 13/xi 1905

Steingr. Matthíasson
læknir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 23/11-05. – veitt. –

Reykjavík, 22. nóv. 1905.

Jeg undirskrifaður leyfi
mjer hjer með virðingar-
fyllst að biðja hina hátt-
virtu fátækranefnd í
Reykjavík að veita mjer
úr fátækrasjóði húsaleigu
styrk 5 kr. mánaðarlega
frá 1. þ. m. til 14. maí
næstkomandi. – Eins og
hinni háttvirtu nefnd
er kunnugt orðið, er jeg
bæði heilsubilaður maður
og fjelaus, og hef ekki
aðra úr að spila, en því
er jeg vinn inn þann og
þann daginn, en að vetrinum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er það apt rýrt, og nægir
tæplega til fæðis og klæðis
fyrir fjölskyldu mína, sem
er bústýra mín og 3 börn í
ómegð, er mjer því öldung-
is ómögulegt að borga af
eigin rammleik húsaleigu
að vetrinum, enda hefur
hin háttvirta nefnd opt
hlaupið undir bagga með
mjer og borgað fyrir mig
húsaleigu, eða veitt mjer
styrk til að borga hana,
og það síðast næstl. vetur,
enda er jeg ómögulegur upp
á annan máta. Jeg treysti
því fastlega að hin háttvirta
nefnd verði við þessari beiðni
minni, og orðlengi því
ekki frekara hjer um.
Svars óska jeg eptir næsta
fund.

Virðingarfyllst.

Þórður Þorkelsson
(frá Grjóta)

Til
fátækranefndarinnar í
Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Sigurðsson, Laugaveg 61, 17 ára gamall liggur rúmfastur af hryggkreppu (Spondylitis), og er hann af þeirri ástæðu orðinn máttlaus í fótum og getur eigi haldið þvagi. Sjúklingur þessi þarfnast mjög góða pössun.

Rvík 15/11 '05

Sæm. Bjarnhjeðinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Furðu 28/9 - '08.

Æruverði gjörð.

Sökum þess að eldavél sú, sem jeg hefi brúkað til þessa, er nú svo brunnin og skemd orðin, að hún er með öllu óbrúkanleg, og valla mun það svara kostnaði að gjöra við hana, auk þess er hún og hefur verið alltof lítil fyrir mína fjölskildu; og nú eru 10 manns í heimili hjá mér. Þar sem jeg nú ekki hefi efni á að bæta úr þessu sjálfur; þá hefi jeg ekki önnur ráð, enn að snúa mér til hinnar hattv. fátækra stjórnar, og biðja hana svo vel gjöra að leiðsinna mér, með því að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hjálpa mér um nýja eldavél, sem
væri nægilega stór, og helst að henni
fylgdi bakarofn, því það væri mér
stór sparnaður, hvað brauðakaup
snertir. Auk þessa þyrfti mín
rúmnan lagfæringar við, og sömuleiðis
strompurinn sem bilaður er orðinn.
Jeg treisti því að hæstv. fátækra
stjórn verði við þessum tilmælum
mínum.

Virðingarfyllst.
Sveinstaðir í Kaplaskjóli 27/ Septbr 1905.
Sveinn Guðmundsson

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

fundur 29/10.'05. –

*Reykjavík* 30. *d.* október *mán. 190*5.

Brjef fátækranefndarinnar dags. 14. þ. m. um sölu á bænum Hlíð (Arnljótsbæ) við Hverfisgötu eign bæjarsjóðsins, er Magnús R. Jónsson skósmiður hefur falað til kaups og fátækranefndin lagt til að honum verði seldur með tilheyrandi lóð, fyrir 3 kr. hver ferálin, hef jeg lagt fyrir bæjarstjórnina á fundi hennar í gær, og hefur bæjarstjórnin samþykt að selja eigi að svo stöddu nefndan bæ nje lóð þá, er honum fylgir.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðruðu nefnd.

Halldór Daníelsson.

Til

fátækranefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/10.05.

27/10.05.
Skr. Ásg. Sig.

LITILL ÁGÓÐI — FLJÓT SKIL

VERZLUNIN EDINBORG
ÁSGEIR SIGURÐSSON,
KAUPMAÐUR.
ÚTIBÚ.
STOKKSEYRI.
AKRANES.
KEFLAVIK.

Reykjavik, 12 Oktober 1905

Hjer með leyfi jeg mjer að mælast til þess við hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur, að henni mætti þóknast að leigja mjer til næstu 10 ára, sex álna breiða lóðarræmu ígegnum lóð Brynjólfs Eiríkssonar í Lindargötu, allt inn að lóð Jóns Þórðarsonar. Í von um að hin háttvirta fátækrastjórn verði við þessum tilmælum mínum, óska jeg að fá að vita við fyrstu hentugleika hve mikil hin árlega leiga muni verða

Virðingarfyllst
Ásgeir Sigurðsson

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 28/10.05.–

Hjer með vildum við
undirrituð undirgefnast
meiga mælast til þess við
hina heiðruðu Fatækrastjórn
að henni mætti ~~mætti~~ þó-
knast að gjöra svo vel að hjálpa
okkur sem að undanförnu um
einhverja tiltekna upphæð fyrir
eitthvað af Kjöti og Slátri
þar eð við af eigin rammleik
ekki getum eignast neitt af
því

Hverfisgötu 25/10 05

virðingarfyllst
Sigurður Fr Guðmundsson
Sigurbjörg Sigurðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/10

Fundur 26/10-05.
veitt.

Hérmeð leyfir jeg mér virðingarfyllst að bera fram á það við hina háttvirtu Bæjarstjórn Reykjavíkur, að hún nú, sem að undanförnu vildi veita mér svo sem 3 oks. stórk lík-slátur og kjöt kaupa nú í haust.

Reykjavík 20/10 — 05
Virðingarfyllst
Sveinn Ólafsson

Til
Bæjarstjórnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

medt. 9/11. eptir fundi. –

Reykjavík 8 d. nóvbr. mán. 1905 fundu 23/11. 05. –

Ar. bæjarfóg. 24/11. 05.

40 kr.

Með því að jeg hef gjört mitt ýtrasta til að innheimta hjá Ólafi Sveinssyni barnsfúlgu þá er hin heiðraða fátækranefnd hefur ídag orðið að ávísa úr fátækrasjóði með barni hans og Önnu Guðmundsdóttir, Haraldi Axel, og fjell í gjalddaga 21. júlí þ. á., samkvæmt amtsúrskurði 21. sept. 1901, en sú tilraun orðið árangurslaus, að minni ætlun mest fyrir gjaldtregðu föðursins samfara óreglu og ómennsku, leyfi jeg mjer að skjóta því til nefndarinnar, með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skírskotun til brjefs hennar til mín dags. ídag, hvort hún vilji krefjast þess að Ólafur Sveinsson verði látinn afplána meðlagið með fangelsi.—

Halldór Daníelsson

Til
Fátækranefndarinnar
Reyk

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur